

Alþingi
Erindi nr. P 140/152
komudagur 14.11.2011



Velferðarvaktin

14. nóvember 2011

Til sveitarstjórna
Til fjárlaganefndar Alþingis og velferðarnefndar Alþingis

Áskorun frá velferðarvaktinni um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar hagræðingarskyni

Á fundi velferðarvaktarinnar 1. nóvember síðast liðinn var samþykkt að senda stjórnvöldum áskorun um aðgát við gerð fjárhagsáætlana vegna ársins 2012. Velferðarvaktin sendi stjórnvöldum samhljóða bréf fyrir ári síðan og leggur á ný áherslu á að þegar ákvörðun er tekin um að draga úr tiltekinni þjónustu vegna efnahagsástandsins verður að gæta að eftirfarandi:

- Standa verður vörð um grunnþjónustuna og má ekki draga úr henni gagnvart viðkvæmstu hópunum.
- Fullnægjandi upplýsingar verða að vera fyrir hendi um áhrif og afleiðingar ákvörðunar á notendur. Í því felst að ákvörðunina er best að taka í anda opinis lýðræðis í fullu samráði við þá sem hún snertir.
- Flötum niðurskurði verði ekki beitt sem leggst af fullum þunga á notendur heldur er ákvörðun tekin um hagræðingu á afinörkuðu sviði og samhliða hugað að mótvægisáðgerðum sem mildar afleiðingar niðurskurðarins.
- Hagræðing og sparnaður á einum stað má ekki leiða til aukinna útgjalda og álags á öðrum sviðum hins opinbera.
- Taka verður fram þegar ákvörðun um hagræðingu er birt hvort um sé að ræða tímabundna ráðstöfun og þá til hve langs tíma eða varanlega ákvörðun. Allar neyðaraðgerðir sem gripið er til á erfiðum tímum þurfa að vera þess eðlis að unnt sé að leiðrétta þær þegar betur árar, án þess að skaði hafi orðið af.
- Við hagræðingu í skólastarfi verði lögð áhersla á að fá nærsamfélagið til samstarfs, ekki síst foreldra og þriðja geirann.

Að lokum bendir velferðarvaktin á að bernskan kemur ekki aftur og hvert ár í lífi barns vegur þungt. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar hagræðingaraðgerðir eru undirbúnar.

Með góðri kveðju,

LÁRA BJÖRNSDÓTTIR
Lára Björnsdóttir
formaður velferðarvaktarinnar

Greinargerð velferðarvaktarinnar um grunnþjónustu er hér
<http://www.velferðarraduneyti.is/media/utgafa2010/GreinargerðUmGrunnþjónustuVelferðarvakt100109.pdf>